

Farsæld barna og hlutverk tengiliðar



Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna


- Tóku gildi 1. janúar 2022
- Innleiðingarferli í gangi

Markmið og tilgangur laganna:

- Að stuðla að velferð barna og tryggja þeim aðgang að þjónustu sem þau þurfa á að halda og eiga rétt á, óháð kerfum eða stofnunum.
- Að börn og fjölskyldur falli ekki á milli kerfa.
- Að grípa snemma inn í svo hægt sé að koma í veg fyrir ýmiss konar erfiðleika síðar meir.

Myndband til frekari útskýringa:

- <https://www.farsaeldbarna.is/is/farsaeldarlogin>




Stigskipting þjónustu 1.stig

- **Fyrsta stigs þjónusta** skiptist í tvennt:

1.
Grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum – til dæmis almenn þjónusta leik-, grunn- og framhaldsskóla, þar á meðal almenn menntun, forvarnir og starfshættir gegn einelti og ofbeldi o.s.frv.
2.
Einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur með úrræði sem svara þörf fyrir þjónustu sem er umfram grunnþjónustu. Þetta er aukin aðstoð til dæmis þegar barn hefur afmarkaða þörf fyrir skólaþjónustu vegna sérþarfa, námsörðugleika, hegðunarvanda eða afleiðinga eineltis o.s.frv.

- <https://www.farsaeldbarna.is/is/stigskipting-thjonustu>



Stigskipting þjónustu 2. stig

2. stig - Grunnskóli og tengiliður

Einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur en á fyrsta stigi.

Þegar úrræði fyrsta stigs duga ekki til eða hafa ekki borið tilætlaðan árangur.

Hér er stuðningur við barn orðinn það umfangsmikill að líklegt er að þörfum barnsins sé ekki mætt nema þjónusta sé **sambætt**.

Dæmi um slíka þjónustu er ýmis stuðningsþjónusta á vegum félags- og skólaþjónustu sveitarfélaga, sérdeildir eða starfsbrautir í skólum.

Sambætt þjónusta = Skipulögð og samfelld þjónusta sem hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns og er veitt af þeim fleiri en einum þjónustuveitanda sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns hverju sinni

Stigskipting þjónustu 3. stig

3. stig - Barnavernd og málstjóri

- Börn með fjölþættan vanda og sérhæfðari stuðningur
- Úrræði þar sem veittur er sérhæfður stuðningur til að tryggja að farsæld barns verði ekki hættu búin. Barn er þá í aðstæðum þar sem skortur á viðeigandi stuðningi og úrræðum getur haft alvarlegar afleiðingar og ógnað heilsu barns og þroska.
- Barn sem nýtur þjónustu á þessu stigi hefur að jafnaði flókinn og fjölþættan vanda og mikla umönnunarpörf.

Dæmi um þjónustu á þriðja stigi eru ýmis vistunarúrræði á grundvelli barnaverndarlaga, fjölþættur stuðningur við fötluð börn og langvarandi sjúkráhúsdvöl barna.

Markmið farsældar:

- Að sem flest börn fái viðeigandi þjónustu á 1. stigi og að þjónusta þess stigs sé það öflug að færri börn þurfi þá umfangsmiklu þjónustu sem á sér stað á 2 og 3. stigi.

Tengiliður

- Starfsmaður í nærumhverfi barns sem hefur yfirsýn yfir þjónustukerfi sem í boði eru.
- Hlutverk:
 - Að veita upplýsingar í þágu farsældar barns.
 - Að ráðleggja foreldrum og börnum, aðstoða við að rata í gegnum kerfið og sækja þjónustu við hæfi.
 - Að meta þjónustupörf, skipuleggja og fylgja eftir þjónustu á fyrsta stigi.
 - Að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns.
 - Að meta þörf á samþættri þjónustu í þágu farsældar barns.
 - Að taka þátt í starfi stuðningsteymis eftir því sem við á.

<https://www.farsaeldbarna.is/is/tengilidur>

Tengiliðir í Öxarfjarðarskóla

- Lára Björk Sigurðardóttir fyrir grunnskólann - lara@oxarfjardarskoli.is
- Arna Ósk Arnbjörnsdóttir fyrir leikskólann - arna@oxarfjardarskoli.is

Ferli

1. Forsjáraðili/kennari/þjónustuveitandi óskar eftir fundi með tengilið til að ræða málefni barns (getur líka átt við barnið sjálft).
2. Á fundinum er farið yfir málefni barnsins
 - Farið yfir fyrsta stigs úrræði sem í boði eru.
 - Metin þörf fyrir samþættingu (á fyrsta stigi eða öðru stigi)
 - Ef já - fyllt út beiðni um samþættingu og tengiliður hefur samband við þá þjónustuaðila sem tengjast málefnum barnsins (1. stig) eða sendir beiðni til félagsþjónustu (2. stig).
 - Ef nei - nýtt eru úrræði fyrsta stigs án samþættingar. Staðan endurmetin eftir ákveðinn tíma.

Sambættingarmál

1. stigs sambætting

- Þjónustuteymi með þjónustuveitendum í og utan skóla.
- Tengiliður skipuleggur og fylgir eftir sambættingu.
- Dæmi um aðila í sambættu þjónustuteymi:
 - Tengiliður (ef við á), umsjónarkennari, aðili úr stoðþjónustu skóla, stuðningsfulltrúi (ef við á), foreldrar og aðrir þjónustuveitendur sem vinna með barninu (t.d. aðili úr skólaþjónustu Norðurbings, skólahjúkrunarfræðingur)

2. stigs sambætting

- Tengiliður sendir beiðni til félagsþjónustu.
- Málstjóri frá félagsþjónustu heldur utan um.
- Stuðningsteymi
 - Aðilar stuðningsteymis: Málstjóri tekur ákvörðun og boðar. Yfirleitt umsjónarkennari, aðili úr stoðteymi/stoðþjónustu skóla, foreldrar auk annarra þjónustuveitenda sem vinna með barninu.
- **Stuðningsáætlun** – reglubundnir fundir um framvindu málsins
- **Markmið:** Með tímanum verði málið að 1. stigs máli.

Málstjóri í Norðurbingi er Anna Björg Leifsdóttir

Kynning fyrir nemendur

Samkvæmt lögum eiga nemendur að hafa greiðan aðgang að tengilið.

Tengiliður fer inn í námshópa og kynnir hlutverk sitt og helstu úrræði sem standa nemendum til boða.

Ferli:

- Nemandi ræðir við umsjónarkennara - umsjónarkennari metur þörf er á aðkomu tengiliðs og aðstoðar nemandann að óska eftir fundi við tengilið ef þörf er á.
- Nemandi sjálfur óskar eftir fundi við tengilið.

Á fundinum fer tengiliður yfir fyrsta stigs úrræði og metur hvort þörf er á samþættingu og/eða að hafa samband við foreldra (með leyfi nemanda)

Frekari upplýsingar

Tengill á heimasíðu Öxarfjarðarskóla - farsæld barna.

- farsaeldbarna.is
- bofs.is